

Kennsluáætlun í ensku

Hæfnisviðmið í ensku eru sett fram í sjö mismunandi flokkum, **hlustun**, **lesskilningur**, **samskipti**, **frásögn**, **ritun**, **menningarlæsi** og **námshæfni**. Mikilvægt er að vinna að markmiðunum í öllum flokkum til þess að glæða áhuga nemenda og auka skilning þeirra á þeim. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2013 segir: „Hæfni nemenda í færniþáttum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi“.

Námsáætlun gerir ráð fyrir að unnið sé í þriggja stiga ramma til að auðvelda skipulag á einstaklingsmiðuðu námi þar sem hæfni nemenda eru misjöfn.

Tími	Hæfniviðmið Við lok 3. bekkjar getur nemandi	Námsþættir/viðfangsefni	Kennslugögn	Námsmat
24. okt. – 18. jan.	Hlustun Skilið einfalt mál er varðar þá sjálfa og nánasta umhverfi Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi af myndum, hlutum eða líkamsmáli Lesskilningur Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum	Orðaforði sem tengist sjóræningjum. Farið er í söguramma um sjóræningja. Kennð eru orð og setningar tengd efninu eftir því sem verkefninu vindur fram. Nemendur eru leiddir áfram út frá hugmyndum og þeirri þekkingu sem þeir sjálfir búa yfir um efnið.	Söguramminn Pirates Ýmsar léttlestrarbækur frá Rósakoti og verkefnablöð sem fylgja þeim.	

Samskipti

Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst

Frásögn

Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi af myndum, hlutum eða líkamsmáli

Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst

Menningarläsi

Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum

Skilið einfalt mál er varðar þá sjálfa og nánasta umhverfi

Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnugleg efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.